



Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Hótel Geysir 25. október 2019

1. Setning

Jón G. Valgeirsson, formaður SOS, setur fundinn.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Ástu Stefánsdóttur og Helga Kjartansson sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

3. Kosning kjörbréfa- og kjörnefndar

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SOS að kjörbréfa- og kjörnefnd.

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir
Ari Björn Thorarensen
Ingibjörg Harðardóttir

Sveitarfélag

Hveragerðisbær
Sveitarfélagið Árborg
Grímsnes- og Grafningshreppur

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa.

4. Umhverfis Suðurland - kynningarmyndband

Ingunn Jónsdóttir frumsýnir nýtt myndband sem tengist verkefninu Umhverfis Suðurland, Grænu skrefin - „Lífrænn úrgangur frá upphafi til enda“.

5. Skýrsla stjórnar

Jón G. Valgeirsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar. 15 formlegir fundir hafi verið haldnir á árinu auk annarra funda sem haldnir hafa verið í minni eða stærri hópum um þau mál sem verið hafa á döfni. Í október 2018 var reynt að fá áframhaldandi samning við Sorpu. Eftir viðræður var útséð að ekki væri hægt að ganga að kröfum Sorpu og var lokað fyrir móttöku hjá þeim 17. janúar sl.

Byrjað var að brenna úrgang í Kólku, en það er dýrt. Samningar náðust við Sorpurðun Vesturlands hf og Norðurá bs um takmarkaðar heimildir til móttöku á úrgangi í Fíflholti og Stekkjavík. Gámafélögin og SOS hafa verið að kanna með útflutning á almennum úrgangi og hóf ÍGF tilraunaútflutning í júlí sl. SOS er að skoða hvort það geti verið samnefnari sveitarfélaganna varðandi útflutning. Stjórn SOS hefur átt í viðræðum við Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra út af þeirri stöðu sem upp er komin, enn hefur ekki fundist lausn. Ljóst er að það hefur orðið mikil kostnaðaraukning hjá sveitarfélögunum við málaflokkinn.

Öll aðildarsveitarfélög eru nú farin að flokka lífrænan úrgang og ber að fanga því. Stjórn SOS endurnýjaði samning við Stefán Gíslason umhverfisstjórnarfræðing hjá MÍS ehf um að vinna áfram að ákveðnum verkefnum tengdum tillögum í úrgangsmálum. Hann hefur einnig verið tengiliður við urðunarstaði og opinbera aðila. Stefán hefur verið verkefnastjóri í lausnum í úrgangsmálum á Suðurlandi og hefur hann m.a. unnið að upplýsingagjöf við Landsamband sumarhúsaeigenda, ásamt því að vinna við að koma upp brennslustað fyrir dýrahæ á Strönd. Það er mikilvægt að leysa þessi mál hratt og vel en þetta þarf að fara í umhverfismat en það tekur um eitt ár.

Nýrri stjórn bíður mikil vinna. Hvernig er hægt að virkja Suðurland í úrgangsmálum? Hvað vilja sveitarfélög gera? Vilja þau gera skammtímasamninga eða viljum þau fara í útboð á evrópska efnahagssvæðinu? Það þarf að vera til plan B. Fljótlega mun verða fundur um svæðisáætlun. Það eru stór plön hjá ríkisvaldinu um úrgangsstefnu og urðunarskatt. Fyrir Orkugerðina yrði urðunarskattur góður kostur og myndi gera fyrirtækið arðbærara. Ný stjórn þarf að ræða málin, fá skilaboð frá sveitarfélögum hvað SOS eigi að gera fyrir þau?

6. Lögmæti fundarins skv. niðurstöðu kjörnefndar

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörbréfa- og kjörnefndar, kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir kjörbréfum. Alls voru 9 kjörnir fulltrúar. Gild kjörbréf eru fyrir 6 aðalfulltrúa og 3 varafulltrúa og eru þeir allir mættir. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

7. Afgreiðslumál

a) Ársskýrsla SOS

Voru henni gerð skil í skýrslu framkvæmdastjóra fyrir á fundinum.

b) Endurskoðaðir ársreikningar 2018

Jón G. Valgeirsson, formaður, kynnti ársreikning fyrir árið 2018, þar kom fram að rekstrartap nam 16,5 m.kr.

c) Tillaga að fjárhagsáætlun 2020

Jón G. Valgeirsson, formaður, kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Helstu tölur eru þær að rekstrartekjur verði um 10 m.kr. og rekstrargjöld um 16,6 m.kr.

d) Tillaga að gjaldskrá

Lögð var fram tillaga að breytingum gjaldskrá Sorpstöðvar Suðurlands fyrir árið 2019.

Tillaga til aðalfundar SOS 25. október 2019 um tekjustofn (gjaldskrá).

Fram til loka árs 2018 byggðist tekjustofn SOS á umsýslugjaldi sem lagt var á allan úrgang sem fór til urðunar og var gjaldið 0,76 kr./kg. án vsk.

Á aðalfundi SOS árið 2018 var tekjugrunni SOS breytt og skyldi hann framvegis byggja á brunabótamati sem vigti 70% og á fjölda íbúa sem vigti 30% í hverju sveitarfélagi sem aðild á að SOS, sbr. töflu hér að neðan.

Í töflunni hér á eftir má sjá hvernig gjaldið skiptist á sveitarfélögin sem aðild eiga að SOS gefið að markaður tekjustofn Sorpstöðvarinnar á ári sé að fjárhæð 10 m.kr. og ef miðað er við að brunabótamat vigti 70% (stofn frá 2018) og fjöldi íbúa vigti 30% (1. janúar 2019). Í dálknum „Samtals gjöld“ má sjá hvernig árgjaldið til SOS skiptist á einstök sveitarfélög m.v. fyrrgreindar forsendur.

Innheimta á gjaldið 1. febrúar og 1. júlí ár hvert.

		m.kr.			
	Marktekjur	10			
	Vægi Brunabótamats - meðaltal 3ja þátta	70%			
	Vægi íbúafjölda	30%			
	Aðilar að sorpsamningnum - 2018 - Nýr stofn	Samtals gjöld	Gjöld %	v/Brunabótamats	v/Íbúafjölda
1	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	488.489	4,88%	402.211	86.277
2	Flóahreppur	307.214	3,07%	215.286	91.928
3	Sveitarfélagið Árborg	3.091.590	30,92%	1.784.336	1.307.254
4	Hrunamannahreppur	432.577	4,33%	324.248	108.329
	Gámabjónustan sér um neðangreind sveitarfélög	5.680.130	56,80%	4.273.919	1.406.211
5	Sveitarfélagið Ölfus	964.365	9,64%	667.631	296.734
6	Bláskógabyggð	886.890	8,87%	732.390	154.500
7	Grímsnes- og Grafningshreppur	916.766	9,17%	848.819	67.947
8	Hveragerði	869.544	8,70%	507.344	362.200
	Sorpstöð Rangárvallasýslu	2.042.565	20,43%	1.517.734	524.831
9	Rangárþing eystra	889.162	8,89%	623.990	265.172
10	Rangárþing ytra	821.813	8,22%	596.334	225.479
11	Ásahreppur	331.590	3,32%	297.410	34.180
	Samtals	10.000.000	100,00%	7.000.000	3.000.000

e) Tillögur um þóknun stjórnar

Lögð var fram tillaga um þóknun stjórnar.

Tillaga til aðalfundar SOS 25. október 2019 um þóknun stjórnar.

1. Laun stjórnar skulu nema 3,0% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 4,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.
2. Fulltrúar í stjórn skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað.

f) Tillögur um breytingu á samþykktum

Engar tillögur bárust.

g) Tillögur frá stjórn og aðildarveitarfélögum

Lögð var fram eftirfarandi tillaga stjórnar fyrir fundinn:

Tillaga til aðalfundar SOS 25. október 2019

Heimild til samstarfsamnings við Sorpstöð Rangárvallasýslu sem m.a. felur í að fjármagna sameiginlega kaup og uppsetningu á brennsluofni fyrir dýrahæ á starfsstöð Sorpstöðvar Rangárvallasýslu á Strönd.

Sorpstöð Rangárvallasýslu sem á og rekur móttökustöðina á Strönd hyggst í samstarfi við Sorpstöð Suðurlands (SOS) fjárfesta í brennsluofni fyrir dýrahæ sem ætlunin er að starfrækja á starfsstöð Sorpstöðvar Rangárvallasýslu á Strönd í Rangárþingi ytra.

Ljóst er að fara þarf í umhverfismat vegna brennsluofnsins sem árlega á að brenna allt að 2.000 tonn af dýrahraejum.

Rekstraráætlanir gera ráð fyrir að móttökugjöld muni standa undir stofn- og rekstrarkostnaði við rekstur brennsluofnsins en umhverfismatið sem fara þarf í er hluti af áætludum stofnkostnaði.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands telur ástæðu til að skoða sameiginlega aðkomu SOS og Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að þessu verkefni enda um að ræða 80 m.kr. heildarstofnkostnað við fjárfestingu og tengd skipulagsmál. Árlegt magn á svæðinu af dýrahraejum sem nú fer til urðunar er áætlað um 1.000 tonn en afar brýnt er að leysa þennan afsetningarvanda.

Lagt er til að SOS taki að sér að fjármagna með láni úr sjóðum SOS helming framangreinds kostnaðar eða um 40 m.kr sem síðan yrði endurgreitt á kjörum Lánasjóðs sveitarfélaga.

8. Erindi: Elísabet Björney Lárusdóttir, umhverfisfræðingur. Soun á auðlindum á Suðurlandi

Elísabet Björney Lárusdóttir, umhverfisfræðingur, tók til máls og fó yfir áætlun um stefnumótun í úrgangsmálum á Suðurlandi sem hún vann fyrir SASS. Tvennt skiptir höfðamáli í málaflokknum, en það er magn úrgangs sem var um 15.500 tonn og kostnaður sveitarfélagana á Suðurlandi við úrgangsmál sem nam um 1 milljarði árið 2018. Það er allt of lítið fé lagt í þennan málaflokk.

Búð er að mynda ákveðið hringrásarhagkerfi eftir staðli frá Evrópusambandinu. Með því erum við í lykilatridum að breyta úrgangi í efni. Úrgangsforvarnir, undirbúningur fyrir endurnotkun, endurvinnsla, önnur endurnýting og að lokum förgum. Það er mikil pressa á að endurvinnna úrgang. Árið 2025 er áætlað að 35% úrgangs verði brennt, annað þarf að fara í einhverja hringrás og endurvinnslu.

Lykilatridi er að fræða. Það má ekki vera vandamál að losa sig við úrgang og það skiptir miklu máli hvernig móttaka á úrgangi fer fram og þarf sá sem tekur á móti að vera vel upplýstur.

Fór hún yfir tölfræði varðandi úrgangsmál sveitarfélaganna á Suðurlandi.

Hveragerðisbær er búinn að ná sínum markmiðum, Vestmannaeyjar og Flóahreppur er að nálgast þetta takmark einnig. Hin sveitarfélögin þurfa að skoða vel hvað má bæta. Úrgangur á hvern einstakling á Suðurlandi 2018 var 547 kg. á íbúa. Sum sveitarfélög á landinu eru að ná þessu enn betur niður og má nefna Akureyri í þeim efnum. Það er mikilvægt að fræða fólkið.

Við erum neyslupjóð, en við megum endurskoða neyslumynstrið okkar.

Skoðuð hafa verið ýmis gögn sem til eru frá hinum ýmsu aðilum s.s. Gámaþjónustunni o.fl. Gögnin eru oft léleg og of óáreiðanleg til að gera góðar greiningar. Það eru notuð misjöfn heiti á soproflokkum og þar af leiðandi verða til villur þegar gögn eru skoðuð.

Það eru mörg tækifæri til að grípa inn í. Vandamálið er of mikill úrgangur og of hár kostnaður. Biðja þarf þjónustuaðila um að skila inn reglulegum upplýsingum.

Það þarf að greina gögn á rauntíma. Þá er hægt að sjá og finna hvar vandamálin liggja. SASS gæti halið utan um þróun úrgangs í hverju sveitarfélagi fyrir sig og tryggt innleiðingu hringrásakerfis. Það er spurning um að gera þetta með snjallkerfi eða góðu úrgangsstjórnunarkefi. Lykillinn er að passa að flokka vel, það gerir þetta allt miklu auðveldara og mikilvægt er að hægt sé að breyta úrgangi í auðlind. Til að ná

raunverulegum árangri þarf að finna út hvert er sértækt vandmál í hverju sveitarfélagi. En það þarf að vera sameiginleg ákvörðun um þetta.

9. Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur. Úrgangsmál á Suðurlandi: Hvert liggur leiðin?

Stefán Gíslason tók til máls og fór yfir greiningarvinnu vegna úrgangsmeðhöndlunar og urðunar á Suðurlandi.

Hvað er að breytast? Það eru hlutir sem ekki er hægt að hafa áhrif á.

Eftir að lokað var fyrir urðun í Kirkjuferjuháleigu komu upp stór vandamál fyrir svæðið. Ekki hefur fundist lausn á þeim vanda að fullu þó svo að mikil vinna hafi farið í að semja við aðila, en það hefur þó alltaf verið til skamms tíma. Útflutningur til orkuvinnslu hófst sl. sumar og liggja nú fyrir drög að stærri rammisamningi um útflutning. Byrjað er að vinna með mat á umhverfisáhrifum vegna hræbrennslu á Strönd. Nú eru öll sveitarfélögin að fara flokka lífrænt. Með því breytast áherslur í anda hringrásakerfisins.

Nú eru að koma að fullum þunga breytt ákvæði og áform um sérsöfnun á úrgangi. Krafa er um að hluti af heimilisúrgangi fari í ákveðna staði. Árið 2035 má aðeins um 10% af úrgangi fara til urðunar annað verður að endurnýta. Einnig verður mikil breyting ef urðunarskattur verður samþykktur. Það eru allt of litlir fjármunir settir í málaflökkinn.

Nú er í gildi samningur við Fíflholt og Stekkjarvík upp á 5.000 tonn og telur Stefán að samningurinn muni halda.

Heildarförgunarþörf er um 7.800 tonn á þessu ári, en gert er ráð fyrir að hún fari minnkandi þar sem flokkun á lífrænu sorpi hefur aukist.

Stefán hefur í samstafi við Verkfræðistofuna Eflu gert greingu á valkostum í förgun. Greindi hann frá tillögum en skoðaðir voru m.a. átta staðir sem væri hægt að nýta til móttöku á mismunandi úrgagni. Voru þetta Kirkjuferjuháleiga, Skógasandur, Strönd, Orkugerðin, Saurbær á Flúðum, Hrísmýri Selfossi, jarðvegstíppar og fyrirtækið Pure North Recycling.

Passa verður upp á að varaleið sé til staðar ef leiðir lokast í útflutningi á sorpi.

Það þarf að fara að flokka gler frá og einnig þarf að skoða vel ef um stóran og grófan úrgang að ræða, taka úr steyputeina og flokka garðúrgang enn betur. Dýrahrae og sláturúrgangi eru ekki sami hlutur og þarf að passa upp á að flokka vel.

Í lokin lagði hann fram mál til umhugsunar. Það er tækifæri að nýta höfnina í Þorlákshöfn. Hægt er að ná betri árangri í sorpflokkun í sumarhúsaahverfum og hjá fyrirtækjum. Það þarf að samræma liti og tákni. Það er hægt að gera heilmikið með samþykktum til að styrkja flokkun. Það þarf að huga betur að gjaldskrá.

Urðunarskattur kallar á nýja nálgun við skiptingu kostnaður á milli úrgangshafa.

10. Almennar umræður

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Gísli Halldór Halldórsson, tók til máls og ræddi um endurvinnslu á almennum og blönduðum úrgangi og fór yfir hvernig ferlið var á þessum málum árið 2018. Það þarf að fara í opinbert innkaupaferli með aðstoð Ríkiskaupa á ýmsum sérleiðum en það ferli þarf að taka stuttan tíma. Nú þarf að huga að því að fara í að vinna í þessu máli.

Ari Björn Thorarensen tók til máls og spurði um kostnaðinn við að brenna í brennslugáminum sem fyrirhugað er að setja upp á Strönd.

Stefán Gíslason svaraði að það væri 35 kr. á kg.

11. Afgreiðsla á b. lið og tillögum c, d, e, f, og g í 7. dagskrálið

b) Lagt er til að endurskoðaður ársreikningur 2018 verði samþykktur.

Tillagan um endurskoðaðan ársreikning 2018 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

c) Lagt er til að fjárhagsáætlun 2020 verði samþykkt.

Tillaga að fjárhagsáætlun 2020 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

d) Lagt er til að gjaldskrá verði samþykkt.

Tillaga að gjaldskrá var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

e) Lagt er til að tillögur að þóknun stjórnar verði samþykktar.

Tillögur að þóknun stjórnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

f) Lagt er til að tillögur að breytingum á samþykktum verði samþykktar.

Engar tillögur til breytinga á samþykktum voru gerðar.

g) Lagt er til að tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum verði samþykktar.

Var það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

10. Kosningar

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands, 5 menn og 3 til vara

Aldís Hafsteinsdóttir tók til máls lagði fram tillögu um að stjórn SOS verði endurkjörin.

Aðalmenn:

Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahr.
Anton Kári Halldórsson, Rangárþ. eystra
Gísli H. Halldórsson, Sveitarf. Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir Sveitarf. Árborg
Ingibjörg Kjartansdóttir, Sveitarf. Ölfus

Varamenn:

Einar Bjarnason, Skeið- og Gnúpverjahl.
Ágúst Sigurðsson, Rangárþing ytra
Helgi S. Haraldsson, Sveitarf. Árborg
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarf. Árborg
Sigurður E. Guðjónsson, Hveragerðisbær

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Jón G. Valgeirsson, formaður, þakkaði fyrir traustið fyrir hönd stjórnar. Einnig þakkaði hann starfsmönnum og fundargestum fyrir góðan fund.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 10:27.

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.